

Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla 1999
Guðrún Sveinbjarnardóttir
og Guðmundur H. Jónsson



6

Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla 1999
Guðrún Sveinbjarnardóttir
og Guðmundur H. Jónsson



Ljósmynd á forsíðu / Photo on cover: Gamla kirkjan í Reykholti, í Suður / The old church at Reykholt, looking South
Ljósmynd / Photo: Guðrún Sveinbjarnardóttir

© Þjóðminjasafn Íslands/Guðrún Sveinbjarnardóttir og Guðmundur H. Jónsson

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

contents

Inngangur	5
1. Staða rannsóknar við árslok 1998	5
2. Markmið rannsóknar 1999	7
Aðferðir	7
Rannsóknarsvæði	7
Framgangur rannsóknarinnar	9
3. Excavation of area IV	10
4. Rannsókn á svæði V	13
5. Rannsókn á svæði VI	16
6. Excavation of area VII	17
7. Excavation of area VIII	17
8. Helstu niðurstöður	18
9. Framtíðarrannsóknir	19
Vinnufundur um þverfaglegt rannsóknarverkefni tengt Reykholti	20
10. English summary	22
Heimildir / Bibliography	29
Listi yfir myndefni / List of figures	30
Viðauki 1 / Appendix 1: Magnús Sigurgeirsson: Greinargerð um gjóskulög	31
Viðauki 2 / Appendix 2: Fundalisti / List of finds	33
Viðauki 3 / Appendix 3: Sýnalisti / List of samples	35
Viðauki 4 / Appendix 4: Ljósmyndalisti / List of photographs	37
Viðauki 5 / Appendix 5: Einingaskipurit / Harris Matrix	42

Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla

Inngangur

Fornleifarannsóknir á bæjarstæðinu í Reykholti hófust af fullum krafti sumarið 1998¹. Ástæðan fyrir því að ráðist var í þessar rannsóknir á þeim tíma var sú að fyrir lá að finna þessum sögufræga stað og þeim byggingum sem þar eru nýtt hlutverk eftir að héraðsskólinn sem þar var rekinn allt frá um 1930 var aflagður vorið 1997. Miklar hugmyndir eru í gangi um uppbyggingu staðarins sem menningarseturs og áfangastaðar fyrir ferðamenn. Komid hefur verið á stofn miðaldasetri á staðnum, Snorrastofu, sem hefur á stefnuskrá sinni að iðka miðaldarannsóknir í sem víðustum skilningi. Fornleifarannsókn sú sem Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir á staðnum er liður í þessari uppbyggingu. Skipulagðar rannsóknir hófust fyrst á bæjarstæðinu árið 1987 að tilhlutan og með fjárstyrk frá menntamálaráðuneytinu. Þær voru þó takmarkaðar og varð að hætta þeim vegna fjárskorts árið 1989.

Rannsóknin nú í sumar var beint framhald þeirrar rannsóknar sem hófst sumarið 1998. Eins og þá var hún gerð með fjárveitingu úr ríkissjóði. Uppgræftartími og fjöldi þeirra sem tóku þátt í uppgreftinum var einnig sá sami og í fyrra. Alls unnu fimm íslenskir fornleifafræðingar og nemar við uppgreftinn í sumar, flestir allan tímann. Þau voru Guðrún Sveinbjarnardóttir stjórnandi rannsóknarinnar, Guðmundur H. Jónsson aðstoðarstjórnandi og nemi við háskólann í Sheffield, Margrét Gylfadóttir, nemi við háskólann á Gotlandi, Sigurður Bergsteinsson og Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingar við Þjóðminjasafn Íslands. Auk þeirra unnu við uppgreftinn Derek Watson dýrabeinafræðingur frá Bretlandi, Kristján Ahronsson fornleifafræðingur frá Kanada og

Rikke Österlund, fornleifafræðinemi við University College London. Einnig vann Rúna K. Tetzschner íslenskunemi við rannsóknina en hennar aðalstarf var í því fólgið að vera upplýsingafulltrúi við uppgreftinn og segja ferðamönnum sem komu á staðinn frá honum. Hafði fengist styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til þess verkefnis. Rúna gerir grein fyrir verkefninu í sérstakri skýrslu. Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur rannsakaði gjósku í uppgreftinum og gjóskulög í nánasta nágrenni við hann. Hefur hann ritað sérstaka skýrslu um þær rannsóknir (sjá viðauka 1).

Eins og í fyrra naut rannsóknin aðstoðar ýmissa aðila. Menntamálaráðuneytið útvegaði húsnæði í Reykholti meðan á uppgrefti stóð, en Óli Jón Ólason og Steinunn Hansdóttir, sem reka Hótel Reykholt sáu okkur fyrir búnaði í það og voru boðin og búin að greiða götu rannsóknarinnar. Hótelid sá starfsmönnum uppgraftarins einnig fyrir kvöldmat. Séra Geir Waage veitti sem áður margvíslega aðstoð. Starfsmenn þeir sem unnu að endurbótum gamla skólahússins lánuðu okkur ýmis verkfæri og smíðuðu styrktargrindur við hleðslur sem hætta var á að hryndu yfir veturinn. Kunnum við öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir aðstoðina.

1. Staða rannsóknar við árslok 1998

Þegar rannsókn lauk sumarið 1998 hafði tekist að ná þeim markmiðum sem sett höfðu verið fyrir það ár. Þau voru annars vegar að ganga úr skugga um hvaða mannvistarleifar væri að finna á svæðinu undir íþróttahúsinu sem var rífið áður en uppgreftur hófst, hins vegar að tengja öll uppgraftarsvæðin á bæjarstæðinu sem grafin höfðu verið mislangt niður við fyrri rannsóknir, stækka svæðið til þess að auðvelda túlkun mannvist-

¹ Guðrún Sveinbjarnardóttir & Guðmundur H. Jónsson 1999.



Mynd 1: Staðsetning Reykholt
Fig. 1: Location map for Reykholt

arleifanna og koma því öllu niður á svipað eða sama uppgrftarplan.

Undir íþróttahúsinu reyndust jarðgöngin frá Snorralaug vera svo til einu mannvistarleifarnar. Ofan á göngunum var reyndar hleðslubrot sem hafði sömu stefnu og jarðgöngin en náði aðeins austar. Þetta brot, sem var skemmt í báða enda, var gert úr tveimur hleðsluröðum. Á milli þeirra voru fyllingarlæg, en í því neðra fundust m.a. brot úr flöskum og vel varðveitt dýrabein. Hleðslubrotið tengdist ekki augljóslega neinum mannvistarleifum á svæðinu og ekki er ljóst hvers konar mannvirki það tilheyrði. Utan ganganna hafði verið grafið fyrir því niður í óhreyft.

Jarðgöngin voru einnig grafin niður í óhreyft, í stöllum. Á svæðinu undir íþróttahúsinu (svæði III) voru þau aðeins rannsökuð á um 5 m kaffa til suðurs frá vegarstæðinu. Reyndust þau vera vel varðveitt á þessum stað, mikið mannvirki með grjóthlaðna veggjum sem voru að hluta til varðveittir allt upp í 1,8 m hæð. Breidd ganganna við botninn, sem var náttúruleg leirhella, var um 70 cm. Nyrst á svæði III, þar sem göngin hverfa inn í bakka vegarstæðisins sem þarna var, virtust þau sveigja til austurs.

Norðan við jarðgöngin, á bærarstæðinu sjálfu, bættist við þau hús sem þegar höfðu verið grafinn upp að hluta og tilheyrðu gangabænum sem tímasettur var til 17. - 19. aldar. Syðst í bærargöngunum bættust tvær stórar hellur við þau og eru þau nú orðin um 17 m löng. Suðurendi þeirra er skemmdur af skurðum, en ekki er líklegt að þau hafi náð mikið lengra til suðurs en þau gera nú. Hins vegar er ekki komið fyrir enda þeirra í norður. Eitthvað bættist við austurenda húss 1, en austurgöngur þess er óljós.

Austan við pípuskurðinn sem liggur á ská yfir uppgriftarsvæðið í norðvestur-suðaustur voru leifar bygginga, líklega útihús sem þarna stóðu fram á þessa öld. Meðal þeirra húsa eru hesthús og fjós og þau eru m.a. sýnd á teikningum ferðamanna sem áttu leið um Reykholt síðast á nítjándu öld og í byrjun þeirrar tuttugustu. Á þessu svæði var uppgröftur ekki kominn langt niður úr efstu lögum í lok sumars. Austan við þessar byggingaleifar, austast á uppgriftarsvæðinu, var komið niður á steiptan grunn fjóss sem þarna var reist um það leyti sem héraðsskólinn var byggður. Ljóst var í prufuskurði sem gerður var sunnarlega á svæðinu (CC326) að

mannvistarleifar liggja undir þessum grunni. Er von til þess að hann sé ekki grafinn mjög djúpt niður og að finna megi varðveittar mannvistarleifar undir honum.

2. Markmið rannsóknar 1999

Markmið þessa rannsóknaráfanga var þrjúþætt: 1. Að kanna svæðið undir smíðahúsinu sem var rífið áður en uppgröftur hófst. 2. Að halda áfram að grafa niður úr mannvistarlögum bæjarhólsins þar sem frá var horfið í fyrra. Eitt af helstu verkefnum í því sambandi var að finna hvernig jarðgöngin frá Snorralaus tengjast bæjarhúsunum og reyna að staðfesta aldur þessara leifa. Samkvæmt jarðlagaskipan eins og hún var þekkt í lok uppgriftar 1998 voru um 50 cm niður á efstu steinahleðslu ganganna, en þaðan eru að meðaltali um 1,5 m niður á botn þeirra. 3. Að opna hluta prufuskurðar A-B sem gerður var 1987 og freista þess að varpa frekara ljósi á torfvegg sem þar virtist vera í sniðinu.

Aðferðir

Sömu aðferðum var í meginatriðum beitt við rannsóknina og í fyrra. Grafið var eftir jarðlögum í einu plani eftir því sem unnt var, eftir hinni svonefndu Harris Matrix aðferð. Þessi aðferð á að stuðla að því að sem réttust mynd fái af innbyrðis- og heildarsamhengi mannvistarlaganna og mannvirkja og hentar einkar vel við gróft bæjarhóla þar sem jarðlagaskipan er flókin og mannvistarleifar brotkenndar. Einnig var stuðst við snið þar sem það þótti henta. Hverju jarðlagi, skurði og fyllingarlagi (samheiti: eining) var gefið númer og var byrjað á 337, eða þar sem frá var horfið í fyrra. Stafirnir framan við númerin gefa til kynna um hvers konar einingu er að ræða. Sem fyrr er CS notað fyrir steina, CL fyrir lag, CC fyrir skurð, CF fyrir fyllingu í skurði. Yfirlit um einingar þær sem grafnar voru upp á þessu ári er að finna í viðauka 5. Hver eining er skráð á sérstakt eyðublað samkvæmt kerfi því sem notað er við Museum of London². Í flestum tilvikum voru einingar teiknaðar og ljósmyndaðar.

Öll jarðlög, mannvirki, fundir og sýni voru mæld samkvæmt hnitakerfi því sem lagt var yfir uppgriftarsvæðið við upphaf rannsóknarinnar. X ásinn liggur til norðurs og hækkar í þá átt og Y ásinn til austurs. Hnitakerfinu var skipt upp í 5 x

5 m reiti fyrir teikningar til þess að auðvelda samsetningu þeirra í úrvinnslunni. Hæð yfir sjó var mæld frá bolta sem skrúfaður er niður í stéttina við norðurhlið inngangs í Útgarda, suðurálmú nýju skólabyggingarinnar sem nú er hluti af Hótel Reykholti. Þessi punktur var einnig fastapunktur fyrir allar mælingar með alstöð. Tveir aðrir fastir punktar eru: X146.69, Y231.28, H35.71 (pt. nr. 661) sem er í stétt norðan við bílskúra sem nú eru notaðir sem geymslur og eru austan við uppgriftarsvæðið, og X206.57, Y178.75, H38.95 (pt. nr. 662) sem er í brún klóaks með steiptum hlemmi rétt sunnan við hótelið. Fastapunktur tækisins er rör (BS2) rétt norðan við núverandi uppgriftarsvæði.


Rannsóknarsvæði

Smíðahúsið sem stóð austan við og í framhaldi af íþróttahúsinu sem var rífið í fyrra, en það svæði var nefnt svæði III, var rífið um það leyti sem uppgröftur hófst í sumar (mynd 2). Íþróttahúsið stóð á stöplum og hafði ekki verið grafið fyrir grunni þess. Hins vegar hafði verið grafið djúpur grunnur fyrir smíðahúsið og var engar mannvistarleifar að finna í honum fyrir utan þunnt móöskulag sem sást í norðurbrún grunnsins, undir veggundirstöðu smíðahússins. Beint norður af húsinu stóðu fjós og hlaða sem voru byggð í kringum 1930. Aðaluppgriftarsvæðið á bæjarstæðinu, sem samanstendur af svæðum IV, V og VI, nær í austri að grunni þessara húsa. Svæðið undir smíðahúsinu var ekki rannsakað frekar.

Vestan við aðaluppgriftarsvæðið, inni í garðinum þar sem síðasti bærinn í Reykholti stóð, var opnað um 3 x 4 m stórt svæði, nefnt svæði VII. Tilgangurinn var að freista þess að finna í prófil skurðar A-B, sem gerður var þvert yfir bæjarstæðið árið 1987, það sem túlkað hafði verið sem torfveggur með landnámsgjóskunni í. Var hreinsað uppúr skurðinum og opnað svæði um 1,5 m út frá honum á báða vegu. Nánar er fjallað um þetta í kafla 6.

Aðaláherslan var í sumar lögð á að grafa áfram niður úr sjálfu bæjarstæðinu en það samanstendur aðallega af svæðum IV og V. Þessi svæði hafa fram að þessu verið aðskilin af seinni tíma pípuræsi sem lá á ská yfir allt uppgriftarsvæðið (mynd 3). Svæði IV er austan við skurðinn og svæði V vestan við hann og nær út að ræsi gangabæjarins frá 17.-19. öld. Uppgröftur á svæði

² Archaeological Site Manual 1994.



Mynd 2: Yfirlitstekning af Reykholti (úr Þorkell Grímsson og Guðmundur Ólafsson 1988)

Fig 2: Plan of the Reykholt site showing e.g. location of old farmsite (fornt bæjarstæði) and dug down passageway (undirgangur) (from Þ. Grímsson & G. Ólafsson 1988).

IV var skemmst á veg kominn við upphaf rannsóknar í sumar. Mest áhersla var því framan af lögð á að rannsaka það svæði. Í lok sumarsins var allt uppgraftarsvæðið komið niður á sama uppgrftarplan.

Vestan við ræsi gangabæjarins er nefnt svæði VI. Þar fundust í sumar menjar um járnvinnslu og er þeim leifum lýst nánar í kafla 5. Ofan á þeim minjum var hús 2 sem tilheyrði gangabænum.

Eftir að uppgrefti lauk, þurfti í tengslum við framkvæmdir við skólahúsið að grafa skurð fyrir ýmsar leiðslur meðfram vestur- og suðurhlið þess. Vitað var að skólahúsið hafði á sínum tíma verið byggt ofan í ruslahaug bæjarins í Reykholti og að búast mætti við því að eitthvað væri eftir af honum nálægt húsinu. Guðmundur H. Jónsson var sendur frá Þjóðminjasafni til þess að fylgjast með þessum framkvæmdum eins og samþykkt hafði verið á fundi fyrr um sumarið með Framkvæmdasýslunni sem hefur umsjón með endurbótum á húsinu. Skurðurinn var grafinn um 2 m frá veggjum hússins. Við suðurhlið hússins fannst aðeins þunnt lag af móösku, en í suðurenda skurðarins við vesturhlið hússins kom ruslahaugurinn í ljós. Er þessi skurður hér nefndur svæði VIII og nánar fjallað um hvað þar fannst í kafla 7 (myndir 7 og 8).

Framgangur rannsóknarinnar

Uppgröftur hófst mánudaginn 21. júní og stóð til 6. ágúst eða í sjö vikur. Fyrstu tvær vikurnar unnu sjö fornleifafræðingar við uppgroftinn, átta næstu fjórar vikurnar og fjórir síðustu vikuna. Aðkoma að svæðinu var mun auðveldari í sumar en síðastliðið ár þegar opna þurfti uppgraftarsvæði sem síðast var unnið í árið 1989. Torfið sem lagt var ofan á jarðvegsdúk við lok uppgrftar í fyrra hafði reyndar gróíð svolítið saman og við dúkinn, en svæðið kom vel undan vetri. Það tók einn og hálfan dag að taka ofan af svæðinu. Hleðslur jarðganganna frá Snorralaug höfðu hins vegar ekki varðveist eins vel. Heybaggar höfðu verið settir ofan í göngin til þess að verja þau fyrir veturinn. Þetta reyndist ekki vel. Heyið skrapp saman og varð að leðju. Ekki bætti úr skák að vegna framkvæmda við skólahúsið hafði verið lagður vegur fyrir norðausturhorn skólans til þess að unnt væri að hafa aðgang að krikanum þar sem norður- og austurálmán mætast. Þessi vegur gekk alltof nærri göngunum. Þó nokkuð af grjóti hrundi úr vestari gangavegnum í vetur.


Eins og fyrr segir var smíðahúsið sem stóð austan við íþróttahúsið og í framhaldi af því rífið fyrstu vikuna sem grafið var. Reyndist grunnur þess vera mjög djúpur. Ef einhverjar byggðaleifar hafa verið á þessum stað eru þær nú að mestu horfnar. Eins og fyrr segir voru einu mannvistarleifar sem þarna var að finna móöskudreif í norðurbrún skurðarins. Hún var ekki rannsökuð frekar á þessu stigi.

Aðaláherslan var í upphafi lögð á að grafa á svæði IV en uppgroftur þar var skemmst á veg kominn í upphafi sumars. Þegar svæði IV hafði verið komið niður á sama uppgrftarplan og svæði V, voru þessi tvö svæði grafin samtímis. Austast á uppgraftarsvæðinu, austan við ræsi gangabæjarins, hafði að mestu verið grafið niður á óhreyft þegar uppgroftur hófst í sumar. Þarna voru þó, í jaðri svæðisins, einhverjar leifar gangabæjarins frá 17. - 19. öld, og á óhreyfðri jörð leifar sem virðast vera eftir einhvers konar járnvinnslu. Til aðgreiningar var þetta svæði nefnt svæði VI og er járnvinnsluleifunum lýst í kafla 5.

Á svæði VII, inni í garðinum vestan við uppgraftarsvæðið, reyndist erfitt að finna legu meints torfveggjar sem svo hafði verið túlkaður í sniði A-B sem þarna var gert 1987. Var það vegna ýmiss konar rasks á þessu svæði. Hreinsað var upp úr prufuskurði A-B, grafið niður úr yfirborðslögum sitthvorumegin við hann og síðan teiknað plan af svæðinu. Ákveðið var að halda ekki áfram rannsókn á þessu svæði að sinni.

Veður var yfirleitt mjög gott til vinnu þann tíma sem uppgrofturinn stóð, en u.þ.b. tveir dagar töpuðust af útivinnu vegna rigninga. Á tímabili var svo heitt að það var næstum óbærilegt við vinnu úti. Gengið var frá uppgraftarsvæðinu á sama hátt og gert hafði verið í fyrra. Var lagður niður jarðvegsdúkur og torf sett yfir. Verktakar sem unnu við lagfæringu skólahússins girtu svæðið fyrir okkur og smíðuðu trégrindur til þess að styðja við grjóthleðslur sem við töldum vera í hættu yfir veturinn. Annars vegar var það hleðslan í niðurgrofnu göngunum á svæði III, sú sem fór nokkuð illa síðastliðinn vetur, hins vegar veggjahleðsla mannvirkis 11 austast á uppgraftarsvæðinu.

Sú nýbreytni að hafa starfsmann alfarið í því að veita ferðamönnum sem komu í heimsókn í Reykholt upplýsingar um framgang uppgrftarins spurdist fljótt út og varð til þess að ferðamannastraumurinn, sem var þó mikill fyrir, jókst all-



Mynd 3: Yfirlit yfir uppgriftarsvæðin.
Fig. 3: A map showing the extent of the excavated areas.

verulega eftir því sem á leið. Íslenskir leiðsögmenn sem komu á staðinn með hópa af erlendum ferðamönnum notuðu sér þessa þjónustu óspart og komu aftur og aftur. Íslenskir ferðamenn, bæði einstaklingar og fjölskyldur, notuðu sér þetta ekki síður og voru ákaflega þakklát fyrir þá fræðslu sem þau nutu. Byrjað var á því að veita leiðsögn eftir þörfum, en það reyndist vera of mikið álag á upplýsingafulltrúann og var þá tekið það ráð að veita leiðsögn á klukkutíma fresti. Gestir voru beðnir um að fylla út spurningalista en það efni sem þannig safnaðist var síðan notað til að gera könnun á væntingum og reynslu gesta af þessari þjónustu³. Upplýsingafulltrúinn útbjó einnig upplýsingaskilti sem voru sett upp við uppgriftarsvæðið við lok uppgriftar. Hugmyndin er að þessi skilti verði endurnýjuð eftir því sem nýjar upplýsingar koma í ljós. Áður en uppgröftur hófst í sumar hafði verið komið upp sýningu í safnaðarheimili kirkjunnar um fornleifarannsóknir á staðnum fram til þessa. Áformað er að sú sýning

³ Rúna Tetzschner 1999.

verði í þróun meðan uppgröfturinn stendur yfir. Í sumar var heimamaður í Reykholti fenginn til að taka myndir af uppgræftinum á myndband. Verður þetta efni ásamt öðru myndbandaefni af uppgræftinum klippt saman og sett inn í sýninguna.

3. Excavation in area IV

This area is delimited by the excavation boundary to the north and east and the diagonal pipe trench running northwest – southeast – in effect separating area IV from area V (fig. 3). This area consists of structure 11 which forms part of structure 10 (described in chapter 4) and a structure located along the northern edge of the excavation (structure 12). These structures are divided by a 4 m wide strip of deposits running east-west (e.g. CF339, CL440, CL438 on overall fold-out plan). A large turf wall (CL323) revealed in 1998, running north-south was removed at the beginning of the 1999 season. At the base of this turf wall was a row of foundation stones (CS329). In amongst these stones, glass and wood remains were



Mynd 4: Mannvirki 11, séð í vestur.
Fig. 4: Structure 11, looking west.

discovered indicating a recent date for the wall – probably 19th century (FG14 & FG15). After the turf was removed and the whole of area IV had been excavated slightly deeper a gravel layer was encountered (CL348) which seemed to cover large parts of area IV. This layer formed two distinct boundaries, one just short of the northern extent of the excavation area and running parallel to it and the other towards the southern edge of area IV. These boundaries proved to be part of the outline for the two aforementioned buildings, structures 11 and 12.

Structure 11

The gravel layer (CL348) ran upto, and in places, covered, a dry stone wall (CS431) (see fold-out plan). This wall consists of a course of stones, several rows deep, running north-south and about 5.5 m long, the eastern edge of structure 11. This eastern wall was located immediately under the younger turf wall (CL323) and it's foundation stones (CS354). This is a good example of structural re-use. The younger turf wall incorporates part of an older building (structure 11) to provide structural support. At the northern end this row

of stones turns a 90 degree angle and runs west for about 1 m. This forms part of the northern edge of structure 11. At this point the row of stones seems to turn to the south (CS429). This is, however, a younger phase of this structure, a point in it's history where the building has been made smaller (see fig. 4). This is mirrored on the southern wall of structure 11 (CS428), where similar structural changes seem to have occurred. Part of the original wall survives but it is fragmentary due to the resizing that has occurred (CS427). The original northern wall also shows signs of having been robbed (see 'impression of stones' on overall fold-out plan). In this location it is evident that stones have been removed from the original line of stones, most probably for the purpose of resizing the structure. It is possible that further west, in area V, similar structural changes have taken place, between structure 11 and structure 10. The exact relationship between structure 10 and structure 11 is, however, uncertain, and will not be determined fully until excavation of these areas has been completed, i.e. in the season of the year 2000. It is possible to say that structure 11 is older than the apparent resizing

that appears between it and structure 10 (CS402). Structure 10 is also slightly smaller than structure 11. It's interior dimension is 4 x 2 m while structure 11 is 5x3 m. This might indicate that the two structures were constructed at different times. It is not possible at this stage, however, to estimate whether these structures were ever contemporary. The stone walls in structure 11 have survived up to a height of ca. 70 cm in places. No postholes or structural supports of any kind (apart from the walls themselves) have been found within the structure as yet. This is in sharp contrast with the postholes discovered in structure 10. The uppermost deposits within structure 11 consist of extensive peat-ash deposits, mixed turf deposits and collapsed stone that were grouped under one context number, CL371. This reflects the collapse of the building and it's subsequent role as a dumping ground. Numerous finds of wood were made in CL371 either originating from wood panelling or a roof construction.

A small fragment of obsidian (FS16) was found within these peat-ash deposits and upon initial inspection showed signs of having been struck. It may well be an obsidian core but this has yet to be verified. If this is the case it is tempting to suggest an intimate knowledge of knapping technology within Iceland well into the medieval period. Struck obsidian has been encountered at several Viking age sites in Iceland, e.g. Grana- staðir, where it has been interpreted as being used for two functions; 1) fire-striking and 2) as a cutting implement⁴. Struck flint and obsidian within Viking age contexts in Scandinavia has often been interpreted as residual material originating from older prehistoric contexts, but it has been demonstrated that the Vikings did employ such stone technology (e.g. at Viking age and early medieval Björkö, Sweden) – a knowledge of which may have carried into later medieval times (Professor Reidar Bertelsen pers. comm.). Research into this field in Iceland has, however, been limited until now.

Other deposits encountered within this structure are all characterised by large concentrations of peat-ash (e.g. cut and peat-ash fill (CC369, CF364) cutting into CL371). The areas enclosed by the resizing wall features were also filled by peat-ash possibly indicating that these enclosures may

have originally been open, i.e. hollow.

Structure 12

This structure is found along the northern edge of the excavation area (see overall fold-out plan). The gravel layer (CL348) which covered large parts of area IV formed an east-west boundary in this area and outlined, to a large extent, the perimeter of this structure. Extensive organic deposits exposed during the season of 1998 were excavated to completion during the beginning of the 1999 season (CL351, CL353). Under these deposits a thick turf deposit was encountered (CL362). This deposit showed extensive signs of mottling which is characteristic of water inundation, i.e. waterlogging. It is probably for this reason that extensive wood remains were found at the base of this deposit up against the wall (CS433). The largest of these (FW67) was composed of two planks that seemed to have been fitted together. These planks were lifted and sent for conservation and detailed analysis. It seems likely that this represents some form of wood panelling as in the case of structures 10 & 11.

The mottled turf deposit largely filled structure 12. This structure is made up of a cut (CC434) which contains a stone wall (CS433). The stone wall, of which 5.5 m have been exposed, is made up of a single row of stones which are placed up against the cut (fig. 5). At 1 m intervals stones, largely geyselite, have been piled up against the wall. There are three of these piles which are ca. 60 cm high. The easternmost and middle piles are similar in construction, extending about 1 m out from the wall with large, almost 1 m in diameter, flat stones of geyselite resting on the top, whereas the westernmost pile is much smaller. The section of wall between that pile and the middle one is also different in that it is made up of at least three rows of stones. No wall of a similar construction is known in Iceland.

Underneath the turf deposit filling structure 12, a thin compact dark layer was encountered (CL411) which in turn covered a series of flagstones. It is uncertain how far this structure extended originally to the west as that area is extensively cut into by the drain (CS380) associated with the younger passage-way farm. Similarly the eastern end of the structure (the northeastern corner of the excavation area) is unclear. In this area a large peat-ash deposit was being exposed (CL436)

⁴ Thorsberg 1994.



Mynd 5: Mannvirki 12 nyrst á uppgraftarsvæðinu, séð beint niður í suður.

Fig. 5: Structure 12 located along the northern edge of the excavation area, looking down and south.

together with a turf wall (CL435) which may be part of a building yet to be exposed. One interesting feature which was revealed towards the end of the season was a number of stones towards the bottom of the mottled turf deposit (CL362) which showed signs of having been exposed to hot steam/water. It would seem likely that what we have here is some form of hot water management, with water or steam being channelled towards, and possibly into, structures. It is rather unclear, as yet, how exactly this was being done but the next season will undoubtedly cast light on this issue and reveal more of structure 12.

Area between structure 11 and 12

The gravel layer (CL348) that lay between the two structures is most likely younger than either structure as it was found butting up against and overlying some of the stones in both structures. Underneath the gravel layer a series of turf layers was discovered (CL438, CL440, CL439). These turf layers may be associated with the stone walls in structures 11 and 12. Cut into this area was a pit full of peat-ash (CC343, CF339)

4. Rannsókn á svæði V

Þetta svæði afmarkast að vestanverðu af göngum og ræsi gangabæjar frá 17.- 19. öld, og að austanverðu af pípuræsinu sem lá í norðvestur-suðaustur á ská yfir uppgraftarsvæðið (mynd 3). Minjar sem fundust við uppgröft á þessu svæði í fyrra voru brotakenndar. Kom þar helst til að svæðið var nokkuð skemmt af völdum síðari tíma skurða, en einnig sú staðreynd að hús hafa verið endurbyggð hvað eftir annað á þessum stað en slík umsvif skilja eftir sig byggingabrot sem erfitt er að ráða í. Það að svæðið hafði verið grafið niður í áföngum og misdjúpt við fyrri uppgrefti einfaldaði heldur ekki túlkun minjanna.

Þegar jarðgöngin sem liggja frá Snorralaus voru grafinn upp á svæði III sumarið 1998 kom í ljós hvernig þau hafa verið grafinn niður í stöllum (CC201)⁵. Framhald skurðarins sem jarðgöngin voru byggð ofaní kom fram á svæði V, undir þeim byggingaleifum sem tilheyrðu gangabænum fyrrnefnda. Að austanverðu liggur skurður jarðganganna upp undir suðvesturhorn mannvirkis

⁵ Sjá Guðrún Sveinbjarnardóttir & Guðmundur H. Jónsson 1999, myndir 4 og 7.

10 sem var einnig niðurgrafið. Skurður mannvirkis 10 (CC406) sker skurð jarðganganna (sjá yfirlitsupprátt aftast í skýrslu). Það er ljóst bæði af afstöðu þessara tveggja skurða og því hvernig jarðgöngin liggja upp í og að horni mannvirkis 10, að mannvirki 10 er byggt ofan á jarðgöngin og er þar með yngra en þau. Að vestanverðu gengur skurður sá sem jarðgöngin eru byggð ofan í upp til norðurs í totu, undir ræsi gangabæjarins, og síðan til austurs upp í vesturgafli mannvirkis 10 (sjá yfirlitsupprátt). Hringlaga hola (CC443) sem kom í ljós árið 1989 sker þennan skurð. Holan var full af svarbláu illa lyktandi efni. Trétunnu hafði verið sökkt við norðurbrún holunnar en sýni úr henni voru hluti rannsóknarprogramms á skordýraleifum sem fram fór árið 1989⁶. Varðveisla skordýraleifa reyndist hins vegar ekki nægjanlega góð til slíkra rannsókna. Í norðurbrún holunnar (CC443) var einnig hrúga af grjóti sem virtist hafa verið kastað ofan í hana. Árið 1989 var þessi hola túlkuð sem hugsanlegt framhald jarðganganna frá Snorralaug. Nú virðist hins vegar ljóst að hún er yngri en þau þar sem hún sker skurðinn sem jarðgöngin voru byggð ofan í.

Mannvirki 10

Eins og áður segir var mannvirki 10 ekki fullgrafið á þessu ári. Á þessu stigi rannsóknarinnar má segja eftirfarandi um lagskiptingu í því. Undir því yfirborði sem skilið var við á þessu svæði þegar uppgrefti lauk 1988 var torflag (CL381). Það var innan í öllum vesturhluta hússins, en mörk þess í austurhlutanum voru óviss. Í því voru kolabitar á dreif og þykktin var 1,5-2 cm. Eitthvað hafði þó líklega verið fjarlægt af þessu lagi við fyrri uppgreft. Torfið náði út fyrir veggjasteina hússins. Er líklegt að það tilheyri yngri byggingum á svæðinu, byggingum sem hafa þá e.t.v. tilheyrt gangabænum frá 17.-19. öld. Undir þessu torflagi voru hleðslusteinaraðir húsveggjanna (CS379). Ekki er enn ljóst hvort þetta eru einnig botnsteinar þeirra. Undir torflaginu inni í húsinu voru nokkur lög af steinum á takmörkuðu svæði (CS385, CS378, CS383, CS389, CS397), líklega hrun úr veggjum og/eða þaki hússins. Neðst í þessu hrúni voru flatir steinar sem hafa líklega tilheyrt þaki hússins. Undir þessu hrúni var torflag (CL390) með gulum flekkjum í á takmörkuðu svæði innan veggja í vesturhluta hússins. Var það 2-12cm

þykkt og tilheyrir líklega hrundum torfveggjum eða þaki. Undir því var annað lag af hrundu torfi (CL395), einnig úr veggjum eða þaki, 5-10 cm þykkt með móösku og kolabítum í á strjálengi. Í þessu lagi voru timburleifar (CL392) sem fylgja meira og minna veggjahleðslum hússins, ekki síst við suðurhliðina. Torflagið (CL395) virðist hafa fallið yfir þetta timbur sem hefur að öllum líkindum tilheyrt timburþili inni í húsinu. Undir þessu lagi var rauðbrúnt/svart lag með kolabítum og móösku á strjálengi, sambland af torfi og líklega leifum gólflags (CL401). Sýni (SI41) var tekið úr þessu lagi til rannsókna á skordýraleifum.

Á takmörkuðu svæði í miðju húsinu fundust frekari gólfleifar (CL419). Samtíma því eru móösku- og torfflekkir (CL421, CL422, CL410) Í þessu gólflagi voru leifar af fjöllum (CL420). Lágu þær svo til lóðréttar meðfram veggjum hússins og eru án efa leifar af timburþiljum sem hafa klætt húsið að innan. Á stuttum kafla við suðurvegginn fannst grátt, þjappað leirlag (CL403) milli timburþilsins og grjóthleðslu veggjarins. Hefur það myndast eftir að timburveggurinn var reistur. Úr þessu lagi var tekið kolasýni (SC37) sem sent verður utan í geislakolsaldursgreiningu.

Fjórar stoðarholur fundust í gólflagi (CL401) hússins. Í flestum þeirra voru leifar af morknuðu timbri, en stoðarholurnar voru ekki grafnar upp að fullu nú í sumar. Holurnar voru á eftirtöldum stöðum: í suðvesturhorninu (CC409, CF408); í norðvesturhorninu (CC418, CF417); í norðausturhorninu (CC399, CF398) þessi hola er ávöl, 12 x 7 cm að ummáli, og í suðausturhorninu (CC405, CF404), 14 x 10cm að ummáli. Stoðirnar fjórar hafa staðið nálægt veggjum hússins og mynda þær ferhyrning um miðbik þess. Fyrir utan timburþilið voru, eins og fyrr segir, grjóthlaðnir veggir (CS379). Þeir eru gerðir úr innri hleðsluröð sem grafið hefur verið fyrir niður í gegnum óhreyft (CC406). Fyllt hefur verið upp að veggjunum að utan með torfi. Ekki er enn komið niður á botn þessarar hleðslu.

Mannvirki 10 hefur verið um 4 x 2 metrar að innanmáli. Báðir gaflar hússins eru þó nokkuð óljósir og einnig norðurhliðin. Heillegust er hleðsla suðurlanghliðar. Í austurgafli hafa verið dyr. Mynda þær að því er virðist um 1,7 m breiða kampa milli mannvirkis 10 og mannvirkis 11 sem er austan þess. Þetta svæði er ekki fullgrafið ennþá og á jarðlagaskipan þar sjálfsgagt eftir að skýrast. Á einhverju stigi hafa þessi tvö mannvirki e.t.v. verið

⁶ Buckland et al. 1992.



Mynd 6: Mannvirki 10 og nyrsti hluti jarðganganna, séð í norðaustur.

Fig. 6: Structure 10 and the northernmost part of the dug-down passage-way, looking north-east.

samtíma í notkun, en nú þegar er ljóst að hleðslur á svæði mannvirkis 11 liggja undir mannvirki 10 (CS431). (Sjá frekari umfjöllun um þetta í kafla 3).

Lítið hefur fundist af munum í þessu húsi enn sem komið er, enda ekki búið að grafa upp gólf þess nema að mjög litlu leyti. Fyrir utan timburleifarnar úr þiljum hússins, fannst eitt glerbrot (FG42) í torfinu sem þakti rústina. Er um að ræða grænleitt, smátt brot, líklega úr flösku og er það ekki ýkja gamalt. Úr þessu húsi var, auk kolasýnisins sem þegar hefur verið nefnt (SC37 úr CL403) tekið kolasýni (SC25) úr gólflagi 401 sem einnig verður sent utan í geislakolsaldursgreiningu.

Jarðgöngin

Eins og fyrr segir kom niðurgröftur jarðganganna (CC201) sem liggja frá Snorralaug fljótt í ljós á svæði V undir þeim leifum sem tilheyrðu gangabænum frá 17.-19. öld. Á svæði III var grafið niður fyrir þeim í stöllum. Mesta breidd niðurgraftarins á svæði V er 4.2 - 4.5 m, en breidd næsta stalls er ekki enn komin í ljós. Svæðið ofan á jarðgöngunum var þakið grjóti sem ekkert lag var á. Er hér um uppfyllingarefni að ræða.

Þegar uppröftur hófst í sumar var komið niður

á ræsið (CS380) sem gert hafði verið undir gönggangabæjarins. Var grjóthleðsla í báðum brúnum þess, en breidd ræsisins var um 20-30 cm. Ofan á því lágu hellur bæjarganganna. Þar sem landi hallar hér til suðurs hafði syðsti hluti ræsisins verið hlaðinn úr nokkrum hleðsluröðum til þess að rétta göngin af þannig að þau yrðu nokkurn veginn lárétt. Þar sem ræsið lá yfir jarðgöngunum frá Snorralaug hafði það sigið allverulega enda nokkuð holt undir á þeim stað. Má búast við að hér hafi alltaf verið einhver dæld í göngunum. Undir ræsinu var holan góða (CC443) sem kom í ljós 1989. Hefur hún því tilheyrð eldra byggingarskeiði en gangabærin. Undir ræsinu var einnig grjóthróngl (CS384) sem notað hafði verið til þess að fylla upp í jarðgöngin.

Grafið hefur verið niður á veggjahleðslur (CS215) nyrsta hluta jarðganganna, þar sem þau liggja upp í mannvirki 10. Á þessum stað sveigja þau all-ákveðið til austurs (sjá yfirlitsupprátt og mynd 6). Það vottaði fyrir slíkri sveigju nyrst á svæði III þar sem hleðslur jarðganganna stingast inn í bakkann. Við mannvirki 10 hafa þegar hér er komið sögu fundist tvö fyllingarlæg (CF412 og CF425) í jarðgöngunum. Í neðra laginu (CF425)

fannst birkigrein (SW43) sem send verður utan í aldursgreiningu. Lá hún ofan á steinþrepum (CS442) sem eru að koma í ljós þarna nyrst í jarðgöngunum. Þegar uppgrefti lauk í sumar höfðu þrjú vel gerð þrep verið grafin upp, en gera má ráð fyrir að þau séu fleiri, enda er hæðarmunur á milli efsta þrepsins í jarðgöngunum hér og botns þeirra þar sem þau hafa verið grafin upp á svæði III, um 1,24 m. Eins og fyrr segir eru veggir jarðganganna hlaðnir ofan í niðurgröft (CC201). Breidd ganganna þar sem þrepin eru er um 60 cm. Í fyllingarlaginu ofan á jarðgöngunum (CL384) fannst nokkuð af munum. Meðal þeirra eru tvær hálfar steinsleggjur (FS36 & 37), kljásteyn (FS38), barmbrot með þremur rákum úr rauðleirsiláti (FC39), brot út hvítleirsiláti (FC40) með grænum glerungi á báðum hliðum, brot úr steinleirskönnu (FC45) af Frechen gerð, yfirleitt tímasett til 17. aldar⁷, og jaspissteinn (FS46). Enginn af þessum munum er mjög gamall. Í efra fyllingarlagi sjálfra jarðganganna (CF412) fannst allstór vefnaðarbútur (FF57) og í því neðra birkigreinin fyrrnefnda (SW43) sem verður send í aldursgreiningu.

Samantekt

Þær byggðaleifar sem voru rannsakaðar á svæði V sumarið 1999 reyndust vera allskýrar og heillegar. Helstu mannvistarleifar sem í ljós komu voru nyrsti hluti jarðganganna (CS215) sem liggja frá Snorralaug inn á bæjarstæðið og mannvirki 10 (CS379) sem liggur austan við jarðgöngin, en hluti þess var rannsakaður við uppgröft 1989⁸ og svo aftur 1998⁹. Hvorugt þessara mannvirkja var þó fullgrafið nú í sumar. Mannvirki 10 reyndist vera um 4 x 2 m að innanmáli, með inngangi úr austri, úr mannvirki 11. Grafið hefur verið niður í óhreyft fyrir veggjum hússins sem eru gerðir úr einni grjóthleðsluröð með torffyllingu utan við hana. Fyrir innan grjótveggina hefur verið timburþil. Fjórar stoðir hafa haldið uppi þakinu. Inn í húsinu voru nokkur torflög sem koma að öllum líkindum úr þakinu. Komið var niður á gólflög hússins í lok uppgrafar nú í sumar, en frekari rannsókn á því bíður næsta sumars.

Jarðgöngin sem liggja frá Snorralaug sveigja skarpt til austurs og liggja upp að suðvesturhorni mannvirkis 10. Veggir þeirra eru grjóthlaðnir eins

og í ljós hefur komið annars staðar þar sem þau hafa verið grafin upp. Nyrst í þeim eru 3 haganlega gerð steinþrep komin í ljós. Breidd jarðganganna við þrepin er aðeins um 60 cm, en líklegt er að veggirnir hafi skriðið eitthvað saman á þessum stað.

Í grófum dráttum má skipa mannvistarleifum á þessu svæði í eftirfarandi byggingarskeið. Mannvirki 10 liggur undir húsi 1 sem tilheyrði gangabænum sem ræsið sem markar svæði V að austanverðu tilheyrði. Gangabærinn er því yngri en mannvirki 10 sem er aftur byggt ofan á jarðgöngin frá Snorralaug. Búist er við því að undir mannvirki 10 sé að finna tengingu jarðganganna frá Snorralaug við bæjarhúsin. Þetta verður rannsakað frekar næsta sumar.

5. Rannsókn á svæði VI


Það sem hér er nefnt svæði VI er uppgrafar-svæðið sem liggur vestan við ræsi gangabæjarins frá 17.-19. öld (mynd 3). Helstu leifar sem fundist hafa á þessu svæði við fyrri rannsóknir eru af húsi 2 sem tilheyrði gangabænum. Í því fundust a.m.k. tvö gólflög. Aðrar brotakenndar leifar höfðu þegar fundist undir því árið 1988, m.a. hellur (CS374) á afmörkuðu svæði, líklega hluti af gólfi, eldstæði og gjall. Í jarðlögum undir hellunum (CS374), en aðeins vestar á svæðinu, fundust nú í sumar leifar sem gætu hafa tilheyrt járnvinnslu (CL444). Þessar leifar liggja á óhreyfðu. Nyrst eru þrjár hellur í röð. Rétt sunnan og vestan við þær er grunn dæld sem í er járnútfelling. Í dældinni er hola sem ekki er fullgráfin enn og grunn rás úr henni, um 20 cm breið og 70 cm löng sem endar í dýpri holu. Ofan á síðarnefndu holunni var hella. Í dældinni með járnútfellingunni fannst nokkuð af gjalli (SI47). Líkist það meira járnsmíðagjalli en rauðablástursgjalli, enda taldi Kristín Sigurðardóttir, sérfræðingur í járn og járnvinnslu sem skoðaði það, einnig að svo væri. Sýni af gjallinu verður sent utan til greiningar.

Þessar leifar minna nokkuð á lýsingu á járnvinnslustað sem fannst í kirkjurústinni á Neðra Ási í Hjaltadal¹⁰, þó að þær járnvinnsleifar séu mun ótvíræðari en leifarnar í Reykholti. Þar er m.a. lýst grunnri holu sem rás liggur út úr. Járnvinnsleifarnar í Reykholti voru ekki fullkann- aðar nú í sumar.

⁷ Guðrún Sveinbjarnardóttir 1996, bls. 41.

⁸ Guðrún Sveinbjarnardóttir 1989.

⁹ Sjá Guðrún Sveinbjarnardóttir & Guðmundur H. Jónsson 1998, CS284 á mynd 14.



Mynd 7: Afstöðumynd af hitaveituskurði vestan við skólann, svæði VIII.

Fig. 7: Location of trench west of the school, area VIII.

6. Excavation of area VII

This area is the expanded western end of the test trench excavated during the 1987 season (Snið A-B) (see fig. 3). This test trench had previously revealed the remains of a turf wall (CL363) containing 'landnám' tephra and associated cultural deposits which were tentatively interpreted as floor layers. During the season of 1999 it was decided to expand the western end of the trench to try to determine the orientation of this turf wall and to establish the nature and date of these deposits.

